

Börkur Sigurbjörnsson

# Königsegg

örsaga



Urban Volcano

# Köningsegg


Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017  
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson  
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efniú ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



## Köningsegg

---

Ég gekk að vaskinum til þess að þvo mér um hendurnar. Ég brosti kurteisilega til spegilmyndar mannsins sem stóð við næsta vask.

„Eruð þið í bílaiðnaðinum?“ spurði maðurinn.

„Nei,“ svaraði ég hikandi því ég vissi ekki nákvæmlega hvað hann átti við með „þið“. Ég þekkti ekki alla sem voru við bordið okkar í klúbbnum en ég var nokkuð viss um að enginn þeirra var í bílaiðnaðinum.

„Hann lítur nefnilega alveg eins út og Köningsegg — þessi sköllótti,“ sagði maðurinn. „Og þú ert ansi líkur yfirverkfræðingi hans.“

„Því miður,“ sagði ég og þurrkaði hendurnar. „Þú ferð mannavillt.“

Við gengum saman til baka inn í borðsalinn og ég hugsaði með mér að það hafði verið ágætis tilbreyting að vera ruglað saman við einhvern annan en Jürgen Klopp.

## Um höfundinn

---

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

## Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano